



DÓMUR DÓMSTÓLSINS

23. maí 2024*

*(Tilskipun 2008/48/EB – Neytendalán – Neytendavernd – Árleg hlutfallstala kostnaðar–
Breytilegir vextir – Upplýsingar áður en samningur er gerður – Upplýsingar í
lánsamningi – Gagnsæi – Skýrar og hnitmiðaðar upplýsingar – Samanburður ólíkra
tilboða – staðlað SECCI-eyðublað)*

Mál E-4/23,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlits-
stofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Landsrétti, í máli sem
þar er til meðferðar

Neytendastofa

gegn

Íslandsbanka hf.,

um túlkun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um
lánsamninga fyrir neytendur, sérstaklega f-, g-, i- og l-lið 1. mgr. 5. gr. og f- og k-lið
2. mgr. 10. gr. hennar.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Páli Hreinssyni, forseta, Bernd Hammerman og Michael
Reiertsen, framsögumanni

Dómritari: Ólafur Jóhannes Einarsson,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

* Beiðni um ráðgefandi álit á íslensku.

- Neytendastofu, í fyrirsvári sem umboðsmaður er Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir;
- Íslandsbanka hf., í fyrirsvári er Áslaug Árnadóttir, lögmaður;
- Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“), í fyrirsvári sem umboðsmenn eru Marte Brathovde, Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, og Melpo-Menie Joséphidès; og
- framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“), í fyrirsvári sem umboðsmenn eru Inese Rubene og Petr Ondrůšek;

með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings fulltrúa Neytendastofu, Ástu Sóllilju Sigurbjörnsdóttur; fulltrúa Íslandsbanka, Áslaugar Árnadóttur; fulltrúa ESA, Marte Brathovde og Ingibjargar Ólafar Vilhjálmsdóttur; og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Inese Rubene og Petr Ondrůšek, sem fram fór 7. nóvember 2023,

kveðið upp svofelldan

Dóm

- 1 Beiðnin um ráðgefandi álit lýtur að túlkun tilskipunar 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur. Beiðnin er sett fram í máli sem rekið er milli Neytendastofu og Íslandsbanka og snýst um það hvort upplýsingarnar sem bankinn veitir neytendum á stöðluðum eyðublöðum og lánessamningi séu fullnægjandi hvað varðar (i) skilyrði fyrir breytingu útlánsvaxta, (ii) árlega hlutfallstölu kostnaðar, (iii) kostnað samkvæmt lánessamningi, iv) gildandi útlánsvexti vegna greiðslu eftir gjalddaga, fyrirkomulag vegna breytinga á þeim og kostnað vegna vanskila. Málið snýst um ákvörðun Neytendastofu frá 26. nóvember 2019 þar sem Íslandsbanki var talinn hafa brotið gegn f-, g-, i- og l-liðum 4. mgr. 7. gr. og f- og k-liðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán, sem innleiðir meðal annars 5. og 10. gr. tilskipunar 2008/48/EB.

I Löggjöf

EES-réttur

- 2 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB 2008 L 133, bls. 66, og EES-viðbætur 2012 nr. 54, bls. 36) („tilskipunin“ eða „neytendalánatilskipunin“) var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009 frá 5. febrúar 2009 (Stjtið. ESB 2009 L 73, bls. 53, og EES-viðbætur 2009 nr. 16, bls. 24). Vísað er til neytendalánatilskipunarinnar í lið 7h XIX. viðauka EES-samningsins (neytendavernd). Ísland, Liechtenstein og Noregur tilkynntu um stjórnskipulega fyrirvara. Fyrirvörunum var aflétt 1. september 2011 og ákvörðunin tók gildi 1. nóvember 2011.

3 Í 7., 8., 9., 10., 18., 19., 20., 31. og 32. lið formálsorða neytendalánatilskipunarinnar segir:

- (7) *Nauðsynlegt er, til að auðvelda tilkomu vel starfandi innri markaðar fyrir neytendalán, að setja ákvæði um samræmdan Bandalagsramma á ýmsum mikilvægum sviðum. Í ljósi stöðugar þróunar markaðar fyrir neytendalán og aukins hreyfanleika evrópskra ríkisborgara, getur framsýn Bandalagslöggjöf, sem unnt er að laga að framtíðarskipulagi lána og sem gerir aðildarríkjum kleift að hafa hæfilegan sveigjanleika í framkvæmd sinni, stuðlað að því að tekið verði upp nútímalegt kerfi laga um neytendalán.*
- (8) *Mikilvægt er að markaðurinn bjóði neytendavernd í nægilega miklum mæli til að tryggja tiltrú neytenda. Því ætti að vera mögulegt að halda úti frjálsum lánatilboðum við bestu skilyrði, bæði fyrir þá sem bjóða lán og þá sem óska eftir þeim, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju aðildarríki um sig.*
- (9) *Nauðsynlegt er að halda fullu samræmi til að tryggja að allir neytendur í Bandalaginu njóti mikillar og sambærilegrar verndar hagsmuna sinna og til að koma á fót heilum og óskiptum innri markaði. Aðildarríkin skulu því ekki hafa heimild til að viðhalda eða innleiða innlend ákvæði, önnur en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Slíkar takmarkanir skulu þó aðeins gilda þegar ákvæði þessarar tilskipunar eru samræmd. Séu engin slík samræmd ákvæði til skal aðildarríkjunum vera frjálst að viðhalda innlendri löggjöf eða innleiða nýja.*
- (10) *Samræmingarsvið er ákvarðað með skilgreiningunum í þessari tilskipun. Sú skylda aðildarríkja að innleiða ákvæði þessarar tilskipunar skal því takmarkast við gildissvið hennar eins og ákvarðað er með þeim skilgreiningum. ...*
- (18) *Neytendur skulu verndaðir gagnvart óréttmætum eða villandi starfsháttum, einkum að því er varðar upplýsingar frá lánveitanda, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti). Í þessari tilskipun skulu þó vera sérstök ákvæði um auglýsingar sem varða lánessamninga svo og tilteknar, staðlaðar upplýsingar sem veita skal neytendum, einkum til að gera þeim kleift að bera saman mismunandi tilboð. Slíkar upplýsingar skal veita á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt með lýsandi dæmum.*
- (19) *Til að neytendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli þekkingar á staðreyndum skulu þeir, áður en þeir gera lánessamning, fá fullnægjandi upplýsingar, sem þeir geta tekið með sér og athugað, um skilyrði fyrir láninu og lánskostnað og um skuldbindingar sínar. Til að tryggja mesta mögulega gagnsæi og samræmi tilboða skulu slíkar upplýsingar einkum fela í sér árlega hlutfallstölu kostnaðar af láninu, sem er ákvörðuð á sama hátt alls staðar í Bandalaginu. Þar eð einungis er hægt að tilgreina árlega hlutfallstölu*

kostnaðar með dæmi á þessu stigi skal slíkt dæmi vera lýsandi. Þess vegna er t.d. rétt að það samsvari meðalgildistíma og heildarfjárhæð láns sem er veitt vegna þeirrar tegundar lánsamnings sem gert er ráð fyrir og þeirrar vöru sem keypt er, ef við á. Þegar lýsandi dæmi er ákvarðað skal einnig taka tillit til tíðni ákveðinna tegunda lánsamninga á tilteknum markaði. Að því er varðar útlánsvexti, tíðni afborgana og færslu vaxta til eignar á efnahagsreikningi, skulu lánveitendur nota hefðbundna reikningsaðferð sína varðandi viðkomandi neytendalán.

- (20) *Heildarlántökukostnaður neytanda skal fela í sér allan kostnað, þ.m.t. vexti, umboðslaun, skatta, þóknanir til lánamiðlara og öll önnur gjöld sem neytandinn þarf að greiða í tengslum við lánsamning, að frátöldum lög-
bókunarkostnaði. Meta skal raunverulega vitneskju lánveitenda um kostnað á hlutlægan hátt að teknu tilliti til krafna um faglega kostgæfni.*
- (31) *Til að neytandi geti þekkt réttindi sín og skyldur samkvæmt lánsamningnum skulu allar nauðsynlegar upplýsingar koma þar fram á skýran og hnitmiðaðan hátt.*
- (32) *Til að tryggja fullt gagnsæi skal veita neytandanum upplýsingar um útlánsvexti, bæði áður en gengið er til samninga og þegar lánsamningurinn er gerður. Á þeim tíma sem samningsbundin tengsl standa yfir skal enn fremur upplýsa neytandann um breytingar sem verða á breytilegum útlánsvöxtum og breytingar á greiðslum af þeim sökum. Þetta er með fyrirvara um ákvæði í landslögum, sem tengjast ekki neytendaupplýsingum, þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir eða afleiðingar af breytingum, öðrum en þeim sem varða greiðslur, á útlánsvöxtum og öðrum fjárhaglegum skilyrðum sem varða lánið, t.d. reglum þar sem kveðið er á um að lánveitandi hafi því aðeins heimild til að breyta útlánsvöxtum að gild ástæða sé fyrir slíkri breytingu eða að neytandinn geti sagt upp samningnum ef breyting verður á útlánsvöxtum eða öðrum efnahagslegum aðstæðum varðandi lánið.*

4 Í 1. gr. neytendalánatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Viðfangsefni“, segir:

Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma tiltekna þætti laga og stjórnslufyrirmæla aðildarríkjanna, sem varða neytendalán.

5 Í 3. gr. neytendalánatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Skilgreiningar“, segir:

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

(a) „neytandi“: *einstaklingur sem, í viðskiptum sem þessi tilskipun tekur til, starfar að markmiðum sem eru utan viðskipta hans, atvinnustarfsemi eða sérgreinar,*

(b) „lánveitandi“: *einstaklingur eða lögaðili sem veitir eða heitir því að veita lán innan ramma viðskipta sinna, atvinnustarfsemi eða sérgreinar,*

(c) „lánssamningur“: samningur þar sem lánveitandi veitir, eða heitir því að veita neytanda lán í formi greiðslufrests, láns eða annarrar svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu, að undanskildum samningi um veitingu stöðugrar þjónustu eða afhendingu sams konar vöru þar sem neytandinn greiðir afborganir af slíkri þjónustu eða vöru svo lengi sem hún er látin í té,

...

(g) „heildarlántökukostnaður neytanda“: allur kostnaður, þ.m.t. vextir, þóknun, skattar og öll önnur gjöld sem neytandinn þarf að greiða í tengslum við lánssamninginn og sem lánveitandinn veit um, að frátöldum lögbókunar-kostnaði; kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánssamninginn, einkum tryggingariðgjöld, er einnig innifalinn ef auk þess er gert að skyldu að gera þjónustusamning til að lánið fáið eða til að fá það með skilmálum og skilyrðum markaðarins,

(h) „heildarfjárhæð sem neytandi greiðir“: samanlögð heildarfjárhæð lánsins og heildarlántökukostnaður neytanda,

(i) „árleg hlutfallstala kostnaðar“: heildarlántökukostnaður neytanda, tilgreindur sem árleg hlutfallstala heildarfjárhæðar láns, þ.m.t., þar sem við á, kostnaður sem um getur í 2. mgr. 19. gr.,

(j) „útlánsvextir“: vextir, tilgreindir sem fast eða breytilegt hlutfall, sem lagðir eru, á ársgrundvelli, á lánsfjárhæð sem hefur verið nýtt,

...

(l) „heildarfjárhæð láns“: efri mörk eða heildarfjárhæð sem veittur er aðgangur að með lánssamningi,

...

6 Í 1. mgr. 5. gr. neytendalánatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Upplýsingar áður en samningur er gerður“, segir:

1. Lánveitandi og, ef við á, lánamiðlari skal, nægilega löngu áður en neytandinn er bundinn af lánssamningi eða tilboði, á grundvelli lánsskilmála og skilyrða lánveitandans og, ef við á, sérstakra óska og upplýsinga frá neytandanum, veita neytandanum nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánssamning. Slíkar upplýsingar skal veita, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, í formi staðlaðra upplýsinga um lán til evrópskra neytenda eins og kemur fram í II. viðauka. Lánveitandinn skal teljast hafa uppfyllt kröfur um upplýsingar í þessari málsgrein og í 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/65/EB ef hann hefur veitt staðlaðar upplýsingar um lán til evrópskra neytenda.

Í viðkomandi upplýsingum skal eftirfarandi koma fram:

...

(f) útlánsvextir, skilyrðin sem gilda um beitingu útlánsvaxta og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum; ef mismunandi útlánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áðurnefndar upplýsingar um alla gildandi vexti,

(g) árleg hlutfallstala kostnaðar og heildarfjárhæð sem neytandinn greiðir, útskýrð með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni; ef neytandinn hefur upplýst lánveitandann um einn eða fleiri þætti þess láns sem hann helst kýs, s.s. gildistíma lánessamningsins og heildarfjárhæð lánsins, skal lánveitandi taka tillit til þeirra þátta; ef lánessamningur býður upp á mismunandi nýtingarleiðir með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum og lánveitandi notar forsenduna sem um getur í b-lið II. hluta í I. viðauka, skal hann greina frá því að aðrir nýtingarmöguleikar fyrir þessa gerð lánessamnings geti leitt til hærri árlegrar hlutfallstölu kostnaðar,

...

(i) ef við á, kostnaður við að hafa einn eða fleiri reikninga þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna reikning, ásamt kostnaði við notkun greiðsluleiða, bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, annar kostnaður vegna lánessamningsins og forsendur fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði,

...

(l) gildandi vextir þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga og fyrirkomulag á breytingu á þeim og, ef við á, kostnaður sem greiða þarf vegna vanskila,

...

7 Í 2. mgr. 10. gr. neytendalánatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Upplýsingar sem eiga að koma fram í lánessamningum“, segir:

2. Í lánessamningnum skal koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt:

...

(f) útlánsvextir, skilyrði sem gilda um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum og, ef mismunandi útlánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áðurnefndar upplýsingar um alla gildandi vexti,

...

(k) ef við á, kostnaður við að hafa einn eða fleiri reikninga þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna reikning, ásamt kostnaði við notkun greiðsluaðferða bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, og annar kostnaður vegna lánsamningsins og forsendur fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði,

...

- 8 Í 1. mgr. 19. gr. neytendalánatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Útreikningur á árlegri hlutfallstölu kostnaðar“, segir:

1. Árleg hlutfallstala kostnaðar, sem á ársgrundvelli jafngildir núvirði allra núverandi og síðari skuldbindinga (nýting lána, endurgreiðslur og kostnaður), sem lánveitandi og neytandi samþykkja, skal reiknuð samkvæmt reiknilíkaninu sem er sett fram í I. hluta I. viðauka.

- 9 Í 1. mgr. 22. gr. neytendalánatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Samhæfing og ófrávíkjanlegar kröfur þessarar tilskipunar“, segir:

Að því leyti sem ákvæði þessarar tilskipunar eru samhæfð geta aðildarríkin ekki viðhaldið eða leitt í landslög ákvæði sem víkja frá þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Landsréttur

- 10 Neytendalánatilskipunin var tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 33/2013 um neytendalán („lög um neytendalán“).

- 11 Í 7. gr. laga um neytendalán, sem ber yfirskriftina „Upplýsingar áður en samningur er gerður“, segir:

Lánveitandi skal með eðlilegum fyrirvara veita neytanda nauðsynlegar upplýsingar til þess að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánsamning áður en neytandi er bundinn af lánsamningi eða tilboði. Þessar upplýsingar skulu veittar á grundvelli lánskilmála, skilyrða lánveitanda og, ef við á, fram kominna óska og upplýsinga frá neytanda.

Slíkar upplýsingar skal veita á pappír eða öðrum varanlegum miðli, á stöðluðu eyðublaði sem birt er í reglugerð sem ráðherra setur.

Lánveitandi telst hafa uppfyllt kröfur um upplýsingar skv. 5.–6. gr. laga nr. 33/2005, um fjársölu á fjármálaþjónustu, ef hann hefur veitt upplýsingar á stöðluðu eyðublaði skv. 2. mgr.

Í upplýsingum skal eftirfarandi koma fram:

...

f. útlánsvextir, skilyrði um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem geta haft áhrif á upphaflega útlánsvexti, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum; gildi mismunandi útlánsvextir við mismunandi aðstæður skal veita áðurnefndar upplýsingar um þá alla,

g. árleg hlutfallstala kostnaðar og heildarfjárhæð sem neytandi greiðir, útskýrt með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem eru notaðar við útreikning á hlutfallstölunni; ef neytandi hefur upplýst lánveitanda um einn eða fleiri þætti þess láns sem hann helst kýs, svo sem gildistíma lánessamnings og heildarfjárhæð láns, skal lánveitandi taka tillit til þeirra þátta; ef lánessamningur býður upp á mismunandi leiðir með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum skal lánveitandi miða við hæsta kostnað og vexti vegna algengustu lánessamninga og greina frá því að aðrar forsendur geti leitt til hærri árlegrar hlutfallstölu kostnaðar,

...

i. ef við á, kostnaður við að hafa eina eða fleiri lánalínur þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna lánalínu, ásamt kostnaði við notkun greiðsluleiða, bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, annar kostnaður vegna lánessamnings og forsendur fyrir því að unnt sé að breyta þessum kostnaði,

...

l. gildandi vextir þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga og fyrirkomulag á breytingu á þeim og, ef við á, kostnaður sem greiða þarf vegna vanskila,

...

- 12 Í 2. mgr. 12. gr. laganna um neytendalán, sem ber yfirskriftina „Upplýsingar sem skulu koma fram í lánessamningum“, segir:

Í lánessamningi skal koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt:

...

f. útlánsvextir, skilyrði um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem geta haft áhrif á upphaflega útlánsvexti, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtum; gildi mismunandi útlánsvextir við mismunandi aðstæður skal veita áðurnefndar upplýsingar um þá alla,

...

k. ef við á, kostnaður við að hafa eina eða fleiri lánalínur þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna lánalínu, ásamt kostnaði við notkun greiðsluleiða bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, og annar kostnaður vegna lánsammans og forsendur fyrir því að unnt sé að breyta þessum kostnaði,

...

II Málavextir og meðferð málsins

- 13 Hinn 12. mars 2019 bað Neytendastofa um afrit af stöðluðu eyðublaði og lánssamningi Íslandsbanka. Neytendastofu bárust umbeðin gögn hinn 18. sama mánaðar.
- 14 Í bréfi dagsettu 28. júní 2019 gerði Neytendastofa athugasemdir við upplýsingarnar í hinu staðlaða eyðublaði sem neytandanum er látið í té áður en samningur er gerður. Íslandsbanki mótmælti þeim athugasemdum í bréfi hinn 19. júlí sama ár.
- 15 Í ákvörðun Neytendastofu frá 26. nóvember 2019 var komist að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hefði brotið gegn f-, g-, i- og l-liðum 4. mgr. 7. gr. og f- og k-liðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán með ófullnægjandi upplýsingagjöf á stöðluðu eyðublaði og í lánsamningi hvað varðar (i) skilyrði fyrir breytingu útlánsvaxta, (ii) árlega hlutfallstölu kostnaðar, (iii) kostnað samkvæmt lánsamningi, (iv) gildandi útlánsvexti vegna greiðslu eftir gjalddaga, fyrirkomulag á breytingu á þeim og kostnað sem greiða þarf vegna vanskila.
- 16 Hinn 19. desember 2019 skaut Íslandsbanki ákvörðun Neytendastofu til Áfrýjunarnefndar neytendamála („áfrýjunarnefndin“). Áfrýjunarnefndin kvað upp úrskurð í málinu 13. október 2020, sem staðfesti ákvörðun Neytendastofu.
- 17 Af beiðninni má ráða að á stöðluðu eyðublaði Íslandsbanka var skilyrðunum fyrir breytingu bankans á útlánsvöxtunum lýst með eftirfarandi hætti:

„Vextirnir og breytingar á þeim taka meðal annars mið af breytingum á fjármögnunarkostnaði (lánskjörum) bankans, rekstrarkostnaði, opinberum álögum og/eða öðrum ófyrirséðum kostnaði, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, breytingum á vísitölu neysluverðs o.s.frv. Ákvarðanir um breytingar á vöxtum eru teknar af fagnefnd innan bankans í umboði yfirstjórnar. Nefndin skoðar einkum þróun á þeim kostnaðarþáttum sem að framan eru taldir og metur hvort breytingar á þeim gefi tilefni til breytingar á útlánsvöxtum. Hlutfall framangreindra þátta í ákvörðun um breytingar á vöxtum er breytilegt og ræðst meðal annars af ákvörðunum opinberra aðila og markaðsaðstæðum hverju sinni. Við vaxtabreytingar eru allir þessir þættir metnir saman og/eða hver um sig. Hafi orðið breyting á einhverjum þessara þátta getur það leitt til breytinga

á vöxtum, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Upplýst er um breytingar á vöxtum með 30 daga fyrirvara.“

- 18 Samkvæmt beiðni landsdómstólsins var orðalag skilmála lánsammansins varðandi breytingar á útlánsvöxtum samhljóða í öllum aðalatriðum.
- 19 Af beiðninni má einnig ráða að eftirfarandi lýsingu var að finna á upplýsingaeyðublaði bankans, um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar lýsir heildarlántökukostnaði sem árlegum hundraðshluta af heildarfjárhæð láns. Heildarlántökukostnaður er allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld, sem greiða þarf í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Árleg hlutfallstala kostnaðar miðast við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstíma. Ef lánsamningur heimilar verðtryggingu skal útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar miðast við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysluverðs og þá forsendu að ársverðbólga verði óbreytt til loka lánstíma. Alltaf skal gengið út frá því við útreikning hlutfallstölunnar að lánsamningur gildi umsaminn tíma og lánveitandi og lántaki standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum samningsins.“

- 20 Beiðnin gefur jafnframt til kynna að Neytendastofa og Íslandsbanki séu ósammála um það hvort tilvísanir til annars kostnaðar vegna lánsammans í i-lið 4. mgr. 7. gr. og k-lið 2. mgr. 12. gr. laga um neytendalán eigi við almennt eða aðeins um þá lánsamninga sem varða lánalínur eða notkun greiðsluleiða. Í verðskrá bankans, sem nálgast mátti á vef hans, voru tilgreindir sex kostnaðarliðir sem vísað var til sem stofnkostnaðar, auk fjögurra kostnaðarliða sem nefndir voru „Tilkynningar- og greiðslugjald.“
- 21 Samkvæmt beiðninni komst áfrýjunarnefndin að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hafi ekki veitt neytendum nægilegar upplýsingar, áður en lánsamningur var gerður, um gildandi útlánsvexti þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga, fyrirkomulag á breytingu á þeim og kostnað vegna vanskila.
- 22 Hinn 8. janúar 2021 höfðaði Íslandsbanki mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafðist þess að framangreindur úrskurður áfrýjunarnefndarinnar yrði felldur úr gildi. Með dómi í máli E-127/2021 komst Héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu að úrskurður áfrýjunarnefndarinnar hafi verið haldinn slíkum efnisannmörkum og að málsmeðferð fyrir nefndinni hafi, í nokkrum atriðum, verið svo ábótavant að ekki yrði hjá því komist að fella úrskurðinn úr gildi í heild sinni.
- 23 Málinu var áfrýjað til Landsréttar hinn 24. febrúar 2022.
- 24 Landsréttur ákvað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins með bréfi dagsettu 1. júní 2023, sem skráð var í málaskrá EFTA-dómstólsins samdægurs.
- 25 Landsréttur vísaði eftirfarandi spurningum til EFTA-dómstólsins:

1. *Ber að skýra 5. og 10. gr. tilskipunarinnar nr. 2008/48/EB, og þá sérstaklega f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. hennar á þann hátt að lánveitandi skuli tilgreina með tæmandi talningu á stöðluðu eyðublaði og í lánasamningi þau skilyrði sem kunna að liggja til grundvallar ákvörðun hans um að hækka eða lækka vexti láns sem ber breytilega vexti?*
2. *Er því skilyrði annars vegar 5. gr. tilskipunar nr. 2008/48/EB, að neytandi fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánssamning, fullnægt ef meðal skilyrða fyrir breytingu útlánsvaxta, sem tilgreind eru á stöðluðu eyðublaði, sbr. f-lið 1. mgr. greinarinnar, er almenn tilvísun til ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði lánveitanda? Hins vegar, er því skilyrði 10. gr. tilskipunar nr. 2008/48/EB, að greint sé í lánssamningi á skýran og hnitmiðaðan hátt frá skilyrðum og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtum, sbr. f-lið 2. mgr. greinarinnar, fullnægt ef meðal þeirra skilyrða er almenn tilvísun til ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði lánveitanda?*
3. *Er því skilyrði 5. gr. tilskipunar nr. 2008/48/EB, að neytandi fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánssamning, fullnægt ef orðalag ákvæðis á stöðluðu eyðublaði, sbr. f-lið 1. mgr. greinarinnar, felur í sér almennar og opnar tilvísanir svo sem „o.s.frv.“ líkt og er að finna á því staðlaða eyðublaði sem mál þetta snýr að?*
4. *Leiðir það af g-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/48/EB að á stöðluðu eyðublaði skuli útskýra hina árlegu hlutfallstölu kostnaðar með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölnunni þótt fyrir liggja allir þættir þess láns sem neytandi hyggst taka?*
5. *Leiðir það af i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/48/EB að á stöðluðu eyðublaði skuli ávallt útskýra „anna[n] kostnað vegna lánasamningsins“, án tillits til þess hvort um sé að ræða lán á því formi að bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð?*
6. *Ef svarið við spurningu 5 er á þann veg að af i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/48/EB leiði að almennt skuli veita upplýsingar á stöðluðu eyðublaði um kostnað vegna lánasamnings, er þeim áskilnaði fullnægt með því að vísa til gjaldskrár lánveitanda sem getur tekið breytingum? Þarf að tilgreina greinilega á hinu staðlaða eyðublaði sjálfu hver kostnaðurinn sé og hver hann muni verða til framtíðar?*
7. *Leiðir af l-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/48/EB að tiltaka þurfi á stöðluðu eyðublaði hvaða kostnað þurfi að greiða vegna vanskila eða hvort lánveitanda nægi að vísa með almennum hætti til gjaldskrár sinnar sem geti tekið breytingum?*

- 26 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, málsatvika, meðferðar málsins og tillögur að svörum sem EFTA-dómstólnum bárust, sem verða ekki nefnd eða rakin nema að því leyti sem forsendur dómsins gefa tilefni til.

III Svar dómstólsins

Almennar athugasemdir

- 27 EFTA-dómstóllinn bendir á að tilskipunin var sett til að tryggja að allir neytendur innan EES njóti öflugrar og sambærilegrar verndar hagsmuna sinna, og til að greiða fyrir tilkomu vel starfandi innri markaðar með neytendalán (samanber dóm í *Pohotovost*, C-331/18, EU:C:2019:665, 41. mgr., og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).
- 28 Markmið 5. gr. tilskipunarinnar er að styrkja stöðu neytenda með því að tryggja að lánveitendur veiti neytanda allar nauðsynlegar upplýsingar áður en samningur er gerður. Líkt og fram kemur í 19. lið formálsorða tilskipunarinnar er markmiðið með upplýsingagjöfinni, áður en samningur er gerður, að styrkja stöðu neytenda svo að þeir geti tekið ákvarðanir á grundvelli þekkingar á staðreyndum. Neytendum skulu því veittar fullnægjandi upplýsingar varðandi skyldur þeirra og kostnað lánsins áður en láns-samningurinn er gerður.
- 29 Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar skal lánveitandi veita neytandanum nauðsynlegar upplýsingar til að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli láns-samning. Í þeim tilgangi kveður tilskipunin á um staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán (SECCI), sem útlistaðar eru í II. viðauka hennar.
- 30 Eins og fram kemur í 22. gr. og 9. lið formálsorða tilskipunarinnar er með henni stefnt að fullri samræmingu. Tilskipunin gerir því einnig ráð fyrir samræmingu þess sniðs sem upplýsingar um lánið eru veittar á. Snið SECCI er raunar samræmt að fullu og er lánveitendum skylt að nota það til að veita skyldubundnar upplýsingar á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði áður en samningur er gerður.
- 31 Markmiðið með 10. gr. tilskipunarinnar, sem einnig endurspeglast í 31. lið formálsorða hennar, er að gera neytanda kleift að þekkja „réttindi sín og skyldur samkvæmt láns-samningnum.“ Í 10. gr. er sérstaklega tekið fram að allar nauðsynlegar upplýsingar sem útlistaðar eru í 2. mgr. greinarinnar skuli koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt í láns-samningi, og er það ófrávíkjanlegt (samanber dóma í *Pohotovost*, sem vísað er til hér að framan, 50. mgr., og *Mikrokasa*, C-779/18, EU:C:2020:236, 45. mgr.). Þekking og góður skilningur neytandans á þeim upplýsingum sem skylt er að taka fram í láns-samningi samkvæmt 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar er nauðsynlegur svo að samningurinn verði réttilega efndur (samanber dóm í *Volkswagen Bank*, C-33/20, EU:C:2021:736, 71. mgr.).
- 32 Slík krafa er rökstudd því sjónarmiði að vernd sú sem tilskipunin mælir fyrir um, byggist á þeim grundvelli að neytandinn sé í veikri stöðu gagnvart lánveitandanum, bæði hvað varðar samningsstöðu og þekkingu, sem leiði til þess að neytandinn samþykki skilmála

sem seljandi eða veitandi hefur samið fyrirfram, án þess að geta haft áhrif á efni þeirra. Upplýsingar um skilmála samningsins og afleiðingar þess að gera hann, bæði áður en samningurinn er gerður og við gerð hans, hafa því grundvallarþýðingu fyrir neytandann. Það er á grundvelli þeirra upplýsinga sem neytandinn ákveður hvort hann vilji vera bundinn af skilmálum sem seljandi eða veitandi hefur samið fyrirfram (samanber dóm í máli *Radlinger og Radlingerová*, C-377/14, EU:C:2016:283, 63. og 64. mgr.). Enn fremur, eins og leiðir af 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar og kemur einnig fram í 18. lið formálsorða hennar, eru slíkar upplýsingar, veittar á skýran, hnitmiðaðan og staðlaðan hátt, nauðsynlegar til að neytandinn geti í raun borið saman mismunandi tilboð.

- 33 Vert er að taka fram að skýrt er samkvæmt 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar, þegar hún er túlkuð með hliðsjón af 9. og 10. lið formálsorða hennar, að tilskipunin miðar að fullri samræmingu hvað varðar lánessamninga sem falla undir gildissvið hennar, og að kröfur hennar eru ófrávíkjanlegar, eins og ráða má af fyrirsögn 22. gr. Af þessu leiðir að í þeim málum sem falla sérstaklega undir þá samræmingu er EES-ríkjunum ekki heimilt að viðhalda eða setja í landslög önnur lagaákvæði en þau sem mælt er fyrir um í tilskipuninni (samanber dóm í *BMW Bank and Others*, C-38/21, C-47/21 og C-232/21, EU:C:2023:1014, 295. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).
- 34 Sú staðreynd að tilskipunin samræmir fyllilega þær upplýsingar sem skylt er að veita neytendum gerir þá kröfu ófrávíkjanlega að þær upplýsingar sem taldar eru upp í 5. og 10. gr. hennar komi fram. Raunar er það svo að bæði 5. og 10. gr. tilskipunarinnar stuðla að því markmiði að koma á fullri og ófrávíkjanlegri samræmingu sem nauðsynleg er til að tryggja að allir neytendur á EES-svæðinu njóti öflugrar og sambærilegrar verndar hagsmuna sinna og til að greiða fyrir tilkomu vel starfandi innri markaðar með neytendalán (samanber dóma í *LCL Le Crédit Lyonnais*, C-565/12, EU:C:2014:190, 42. mgr., og *Volkswagen Bank*, sem vísað er til hér að framan, 72. mgr.).

1. spurning

- 35 Með fyrstu spurningunni spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort túlka beri f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar með þeim hætti að lánveitandi verði að útlista með tæmandi hætti, bæði á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum, skilyrðin sem liggja því til grundvallar að hann ákveði að breyta útlánsvöxtum láns með breytilegum vöxtum.
- 36 Samkvæmt f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar skulu í lánessamningi koma fram, á skýran og hnitmiðaðan hátt, útlánsvextir, skilyrði sem gilda um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum og, ef mismunandi útlánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áður nefndar upplýsingar um alla gildandi vexti.
- 37 Eins og þegar hefur verið bent á leiðir það af 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar, með hliðsjón af 31. lið formálsorða hennar, að skilyrðið um að upplýsingarnar sem vísað er til í 2. mgr. 10. gr. skuli koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt í lánessamningi, sem skráður sé á pappír eða öðrum varanlegum miðli, er nauðsynlegt til að tryggja að

neytandinn geri sér ljós réttindi sín og skyldur. Nánar tiltekið er þekking og góður skilningur neytandans á þeim upplýsingum sem skylt er að taka fram í lánessamningnum nauðsynlegur svo að samningurinn verði réttilega efndur, sérstaklega hvað varðar réttindi neytandans (samanber dóm í *BMW Bank and Others*, C-38/21, C-47/21 og C-232/21, EU:C:2023:1014, 263. mgr. og dómafrankvæmd sem þar er vísað til).

- 38 Svo unnt sé að skilja upplýsingarnar vel, í samræmi við kröfu 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar um skýrleika, verða upplýsingarnar sem veittar eru í lánessamningi að vera lausar við hvers kyns mótsagnir sem hlutlægt gætu talist til þess fallnar að villa um fyrir almennum neytanda, sem telst sæmilega vel upplýstur og sæmilega athugull og forsjáll, varðandi umfang réttinda hans og skyldna samkvæmt samningnum (samanber dóm í *BMW Bank and Others*, sem vísað er til hér að framan, 235. mgr.).
- 39 Samkvæmt f-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar ber lánveitanda, nægilega löngu áður en neytandinn er bundinn af lánessamningi, að veita neytandanum nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánessamning eða ekki. Þar undir falla útlánsvextir, skilyrðin sem gilda um beitingu útlánsvaxta og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum; ef mismunandi útlánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áður nefndar upplýsingar um alla gildandi vexti.
- 40 Skyldan til að tilgreina útlánsvexti á skýran og hnitmiðaðan hátt er ekki aðeins meðal þeirra upplýsinga sem taka skal fram í samningi, heldur er hún einnig meðal upplýsinganna sem veita ber áður en samningur er gerður, samanber 5. gr. tilskipunarinnar. Kröfuna um að upplýsa skuli neytendur um öll skilyrði fyrir breytingu á útlánsvöxtum samkvæmt lánessamningi verður því að túlka með þeim hætti að hún samræmist markmiðinu að baki f-lið 2. mgr. 10. gr. og f-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Eins og framkvæmdastjórnin bendir á er í f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. í meginatriðum kveðið á um að veita skuli neytanda sömu upplýsingar um útlánsvexti, bæði áður en samningur er gerður og við gerð hans, til að tryggja fullt gagnsæi, samanber 32. lið formálsorða tilskipunarinnar. Með hliðsjón af orðalagi f-liðar 1. mgr. 5. gr. og f-liðar 2. mgr. 10. gr. og því að ákvæðin tvö miða að auknu gagnsæi fyrir neytendur, verður að túlka þessi ákvæði á sama hátt.
- 41 Í samræmi við ofangreint verður að upplýsa neytendur um öll skilyrði fyrir breytingu útlánsvaxta samkvæmt lánessamningi. Til að tryggja fullt gagnsæi, gera neytendum kleift að bera saman mismunandi tilboð og gera sér a grein fyrir réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum í raun og veru þarf að tilgreina með tæmandi hætti öll skilyrði fyrir breytingu útlánsvaxta. Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar skal enn fremur veita þessar upplýsingar, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með stöðluðu SECCI-eyðublaði sem finna má í II. viðauka tilskipunarinnar.
- 42 Til að tryggja fullt gagnsæi og að markmiðin að baki 5. og 10. gr. tilskipunarinnar náist þarf því að tilgreina öll skilyrðin, bæði á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum. Ef þessu væri öðruvísi farið yrði erfitt fyrir neytanda að bera saman tilboð sem innihalda breytilega útlánsvexti, eins og í málinu sem rekið er fyrir

landsdómstólnum, en það stæði í vegi fyrir markmiðinu með 5. gr. og hinu staðlaða SECCI-eyðublaði og yrði jafnframt til þess að erfitt yrði að tryggja að neytandi gerði sér raunverulega grein fyrir réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum, sem aftur stæði í vegi fyrir markmiðum 10. gr.

- 43 EFTA-dómstóllinn telur að ef lánveitandi tilgreinir ekki öll skilyrði sem liggja til grundvallar ákvörðun hans um breytingu útlánsvaxta láns með breytilegum vöxtum sé neytandinn ekki í aðstöðu til að meta, á grundvelli samningsins, umfang samnings-skuldbindinga sinna og sannreyna hvort allar tilskildar upplýsingar, í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar, sé að finna í samningnum sem hann hefur gert. Verður því að svara fyrstu spurningunni með þeim hætti að túlka verði f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar á þann veg að lánveitanda beri að útlista með tæmandi talningu, bæði á stöðluðu SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum, þau skilyrði sem ákvörðun hans um að breyta vöxtum láns með breytilegum vöxtum byggist á.

2. og 3. spurning

- 44 Með annarri spurningu spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort skyldan til að veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar sé uppfyllt ef meðal skilyrða fyrir breytingu útlánsvaxta sem tilgreind eru bæði á stöðluðu SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum sé að finna almenna tilvísun til ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði lánveitanda eða annarra skilyrða sem lánveitanda er ókunnugt um. Með þriðju spurningu spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort kröfu 5. gr. um að neytandi fái upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um hvort gera skuli lánessamning sé fullnægt ef orðalag ákvæðis á staðlaða eyðublaðinu felur í sér almennar og opnar tilvísanir svo sem „*o.s.fr.v.*“ án þess að þær séu settar í fullnægjandi samhengi. EFTA-dómstóllinn telur rétt að svara spurningunum tveimur saman.
- 45 EFTA-dómstóllinn áréttar að vernd sú sem tilskipunin mælir fyrir um, eins og við á um aðrar tilskipanir sem lúta að neytendavernd, á þeirri hugmynd að neytendur séu í veikri stöðu gagnvart lánveitendum, bæði hvað varðar samningsstöðu og þekkingu. Það valdi því að neytendur samþykki skilmála sem lánveitendur hafa samið fyrirfram án þess að geta haft áhrif á efni þeirra (sjá sameinuð mál E-13/22 og E-1/23 *Birgir Þór Gylfason og Jórunn S. Gröndal gegn Landsbankanum og Elva Dögg Sverrisdóttir og Ólafur Viggó Sigurðsson gegn Íslandsbanka*, dómur frá 23. maí 2024, 71. mgr., samanber dóm í *BMW Bank and Others*, sem vísað er til hér að framan, 259. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).
- 46 Að þessu leyti hafa upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður og við gerð hans, um skilmála samningsins og afleiðingar þess að gera hann grundvallarþýðingu fyrir neytanda. Það er einkum á grundvelli þeirra upplýsinga sem neytandi ákveður hvort hann vilji vera bundinn þeim skilmálum sem lánveitandinn hefur samið fyrirfram (samanber dóm í *BMW Bank and Others*, sem vísað er til hér að framan, 260. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

- 47 EFTA-dómstóllinn minnir á að upplýsingar um útlánsvexti hafa grundvallarþýðingu. Svo að neytandi geti borið saman lánessamninga og gert sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningi verða upplýsingarnar sem honum eru veittar, bæði áður en samningurinn er gerður og við gerð hans, að vera tæmandi og settar fram á skýran og hnitmiðaðan hátt. Þegar skilyrðin fyrir vaxtabreytingu eru ekki nægilega skýr, til dæmis vegna þess að til þeirra er vísað með of almennum og opnum hætti, eru þau ekki nægilega gagnsæ til að neytandi geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann vilji gera samninginn. Raunar verður neytandinn að komast í aðstöðu til að geta gert sér grein fyrir öllum réttindum sínum og skyldum (sjá sameinuð mál E-13/22 og E-1/23 *Birgir Þór Gylfason og Jórunn S. Gröndal gegn Landsbankanum og Elva Dögg Sverrisdóttir og Ólafur Viggó Sigurðsson gegn Íslandsbanka*, sem vísað er til hér að framan, 124. mgr., samanber dóm í *Home Credit Slovakia*, C-42/15, EU:C:2016:842, 34. mgr.).
- 48 Krafa um að upplýsingar séu veittar á skýran og hnitmiðaðan hátt felur ekki aðeins í sér að skilmálinn sem á reynir sé formlega og málfræðilega skiljanlegur, heldur einnig að reikniaðferðin sé sett fram á þann hátt að almennur neytandi, án sérfræðipækkingar á sviði fjármála, geti auðveldlega skilið hana og reiknað vextina út frá þeim upplýsingum sem fram koma í gögnunum áður en samningur er gerður og upplýsingum sem koma fram í lánessamningnum sjálfum. Neytandanum skulu því veittar nægar upplýsingar til að hann geti kynnt sér tiltekna virkni aðferðarinnar sem notuð er við útreikning vaxtanna, og, þegar við á, samspil hennar og annarra skilmála (sjá sameinuð mál E-13/22 og E-1/23 *Birgir Þór Gylfason og Jórunn S. Gröndal gegn Landsbankanum og Elva Dögg Sverrisdóttir og Ólafur Viggó Sigurðsson gegn Íslandsbanka*, sem vísað er til hér að framan, 77. til 79. mgr., samanber dóma í *Volkswagen Bank*, sem vísað er til hér að framan, 94. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til; *Gómez del Moral Guasch*, C-125/18, EU:C:2020:138, 51.-53. mgr.; *Kiss and CIB Bank*, C-621/17, EU:C:2019:820, 36. mgr.; og *BNP Paribas*, C-776/19 til C-782/19, EU:C:2021:470, 65. mgr.).
- 49 EFTA-dómstóllinn bendir á að samkvæmt samningsákvæðinu sem á reynir, eins og það er orðað í álitsbeiðninni, taka útlánsvextirnir og breytingar á þeim „meðal annars mið af breytingum á fjármögnunarkostnaði (lánskjörum) bankans, rekstrarkostnaði, opinberum álögum og/eða öðrum ófyrirséðum kostnaði, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, breytingum á vísitölu neysliverðs o.s.frv.“ Jafnframt segir: „Ákvarðanir um breytingar á vöxtum eru teknar af fagnefnd innan bankans í umboði yfirstjórnar.“ Loks segir: „Hlutfall framangreindra þátta í ákvörðun um breytingar á vöxtum er breytilegt og ræðst meðal annars af ákvörðunum opinberra aðila og markaðsaðstæðum hverju sinni.“ Þótt hugtakið „ófyrirséður kostnaður“ sé notað í samningsskilmálanum sem á reynir má telja mörg hinna hugtakanna bæði ófyrirsjáanleg og óþekkjanleg neytandanum, allt eftir því hvernig skilmálinn er túlkaður.
- 50 EFTA-dómstóllinn bendir á að tekin var afstaða til sambærilegra skilmála um breytilega vexti í 94. til 99. mgr. dómsins í máli *Birgis Þórs Gylfasonar og Jórunnar S. Gröndal gegn Landsbankanum og Elvu Daggar Sverrisdóttur og Ólafs Viggós Sigurðssonar gegn Íslandsbanka*, sem vísað er til hér að framan og kveðinn var upp sama dag og þessi dómur.

- 51 Fyrst ber að geta þess að ekki er sjálfkrafa fylgni milli breytilegra vaxta lánsamningsins sem á reynir og breytinga á hlutlægum og ákvarðanlegum vöxtum, eins og þeim sem ákveðnir eru af seðlabanka. Ákvarðanir um vaxtabreytingar eru þess í stað teknar innan bankans, af fagnefnd sem byggir á einum eða fleiri þáttum, og geta þættirnir sem hún byggir á verið breytilegir, sem og vægi þeirra, sem getur „meðal annars“ ráðist af ákvörðunum opinberra aðila. Ef sú er raunin bendir EFTA-dómstóllinn á að það geti skapað óvissu fyrir neytendur um þá aðferð sem notuð er við vaxtaútreikning (sjá, til samanburðar, dóm í *Constructora Principado*, C-226/12, EU:C:2014:10, 26. mgr.).
- 52 Í öðru lagi vísar samningsákvæðið um breytilega vexti til breytinga í tengslum við „rekstrarkostnað“, „opinberar álögur“ og „annan ófyrirséðan kostnað“. EFTA-dómstóllinn bendir á að slíkar almennar vísanir til ófyrirséðrar mögulegrar hækkunar kostnaðar lánveitanda eru eðli málsins samkvæmt ósannreynanlegar fyrir hinn almenna neytanda, eins og greinilega á við um tilvísunina „o.s.frv.“ í lok setningarinnar sem um ræðir. Með notkun slíkra þátta er neytandanum gert ókleift að átta sig á umfangi samningsskuldbindinga sinna.
- 53 Í þriðja lagi bendir EFTA-dómstóllinn á að orðalag eins og „ákvörðunum opinberra aðila og markaðsaðstæðum hverju sinni“ er, við fyrstu sýn, ekki gagnsætt, jafnvel þótt það sé málfræðilega skýrt og skiljanlegt (samanber dóm í *Matei*, C-143/13, EU:C:2015:127, 76. gr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).
- 54 Í fjórða lagi, eins og framkvæmdastjórnin hefur bent á, eykur það á vafann um skýrleika þeirra hugtaka sem um ræðir þegar hugtakið „meðal annars“ bætist við. Það heimilar að tekið sé tillit til þátta sem neytandi þekkir ekki við samningsgerðina.
- 55 Þessi atriði í tengslum við 10. gr. tilskipunarinnar eiga einnig við um 5. gr. tilskipunarinnar áður en samningur er gerður. Hvað hugtakið „o.s.frv.“ varðar telur EFTA-dómstóllinn, eins og framkvæmdastjórnin hefur bent á, mikilvægt að ákvarða hvort upplýsingarnar sem neytandanum eru veittar séu nógu ítarlegar og sértækar til að ná markmiði 5. gr. tilskipunarinnar, þ.e. að neytandanum séu veittar viðeigandi upplýsingar sem geri honum kleift að bera saman nokkur mismunandi tilboð. Skilmálar sem eru greinargóðir og tæmandi geta þannig haft að geyma ákvæði sem notar ónákvæmara orðalag, eins og „o.s.frv.“, svo framarlega sem markmiði 5. gr. tilskipunarinnar er náð. Það er að segja, notkun hugtaksins „o.s.frv.“ er ekki með öllu útilokuð, enda getur hugtakið við tiltekna aðstæður til dæmis verið notað um óupptalin atriði á lokuðum lista á hátt sem er augljós hinum almenna neytanda, sem er sæmilega vel upplýstur og sæmilega athugull og forsjáll.
- 56 Skorti hins vegar á að í samhenginu felist fullnægjandi viðbótarupplýsingar um það hvaða önnur atriði listinn innihaldi stuðlar þó hugtak eins og „o.s.frv.“ að því að neytendum sé gert óhóflega erfitt, ef ekki ómögulegt, að bera saman mismunandi tilboð. Eins og framkvæmdastjórnin heldur fram á þetta einkum við þegar hugtakið er notað í tengslum við samningsskilmála sem neytanda er látinn í té áður en samningur er gerður og inniheldur fjölda almennra tilvísana og mörg skilyrði, sem hafa óljóst vægi innbyrðis, eins og raunin er í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum.

- 57 Það er landsdómstólsins að meta hvort upplýsingarnar sem veittar eru áður en samningur er gerður og sjálfir skilmálar lánessamningsins séu, hvort fyrir sig, nægilega skýr og hnitmiðuð til að ná fram fullu gagnsæi og veita hinum almenna neytanda, sem er sæmilega vel upplýstur og sæmilega athugull og forsjáll, aðstöðu til að geta borið saman ólík tilboð og, almennt séð, gera sér grein fyrir öllum réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum.
- 58 Annarri spurningunni verður því að svara á þann veg, að kröfurnar um upplýsingagjöf sem kveðið er á um í f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar eru ekki uppfylltar ef almenna tilvísun til ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði lánveitanda eða annarra skilyrða sem lánveitanda er ókunnugt um er að finna meðal skilyrðanna fyrir breytingu útlánsvaxta sem koma fram á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum. Þriðju spurningunni verður að svara á þann veg að skilyrði 5. gr. tilskipunarinnar um að neytandi fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánessamning sé ekki fullnægt ef orðalag ákvæðis á stöðluðu eyðublaði felur í sér almennar og opnar tilvísanir svo sem „o.s.frv.“ ef skortir á fullnægjandi upplýsingar um samhengi.

4. spurning

- 59 Með fjórðu spurningunni spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort af g-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar leiði að útskýra skuli hina árlegu hlutfallstölu kostnaðar á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar séu við útreikning á hlutfallstölunni þótt allir þættir þess láns sem neytandi hyggst taka liggi fyrir.
- 60 EFTA-dómstóllinn bendir á að samkvæmt i-lið 3. gr. tilskipunarinnar er árleg hlutfallstala kostnaðar skilgreind sem heildarlántökukostnaður neytanda, tilgreindur sem árleg hlutfallstala heildarfjárhæðar láns. Því er gerð krafa um nákvæma og ákveðna prósentutölu (samanber dóm í *RN v Home Credit Slovakia*, C-290/19, EU:C:2019:1130, 25. mgr.).
- 61 Í samræmi við orðalag g-liðar 1. gr. 5. gr. tilskipunarinnar skal í upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður útskýra árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarfjárhæð sem neytandinn greiðir, með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni. Ef neytandinn hefur upplýst lánveitandann um einn eða fleiri þætti þess láns sem hann helst kýs, svo sem gildistíma lánessamningsins og heildarfjárhæð lánsins, skal lánveitandi taka tillit til þeirra þátta.
- 62 Eins og framkvæmdastjórnin bendir á gegnir hið lýsandi dæmi mjög mikilvægu hlutverki áður en samningur er gerður, sérstaklega á frumstigum samningsgerðar, þegar sumir þættir lánsins eru óljósir. Það mikilvægi endurspeglast í 19. lið formálsorða tilskipunarinnar, þar sem fram kemur að til að tryggja mesta mögulega gagnsæi og samanburðarhæfi tilboða skuli slíkar upplýsingar einkum fela í sér árlega hlutfallstölu kostnaðar af láninu, sem sé ákvörðuð á sama hátt alls staðar á EES-svæðinu. Þar eð einungis er hægt að tilgreina árlega hlutfallstölu kostnaðar á fyrstu stigum samnings-

gerðar með dæmi skuli slíkt dæmi þó „vera lýsandi“. Hið lýsandi dæmi er því einn lykilkþáttanna sem gerir neytanda kleift að bera saman tilboð.

- 63 Afstaða bankans í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum byggist á þeirri röksemd að þótt hann hafi ekki tekið lýsandi dæmi á staðlaða eyðublaðinu hafi hann tekið fram forsendurnar sem lágu til grundvallar útreikningnum á árlegri hlutfallstölu kostnaðar í öðrum hluta hins staðlaða SECCI-eyðublaðs, og að þær forsendur hafi byggst á upplýsingum frá neytandanum sem hafi gert lánveitandanum kleift að reikna í stað lýsandi dæmis þá tilteknu árlegu hlutfallstölu kostnaðar sem neytandanum byðist.
- 64 Þótt vissulega sé gerð krafa samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar um að einstakar forsendur séu tilgreindar sérstaklega hver fyrir sig, til dæmis, „heildarfjárhæð lánsins“ í c-lið 1. mgr., fjárhæð, fjöldi og tíðni greiðslna í h-lið 1. mgr., og kostnaður við að hafa reikning í i-lið 1. mgr., er sú skylda einnig lögð á lánveitendur í g-lið 1. mgr. að þeir taki fram slíka einstaka þætti í forsendum sem notaðar eru við útreikning á árlegu hlutfallstölunni. Þótt neytandanum séu veittar skýrar upplýsingar um alla þá tilteknu þætti sem notaðir eru til að reikna út heildarfjárhæðina sem hann greiðir leiðir það ekki til brottfalls skyldunnar til að gefa neytandanum lýsandi dæmi þar sem allar forsendur sem notaðar eru við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar koma fram, heldur ber lánveitandanum enn fremur að taka tillit til þessara þátta þegar hann gefur neytandanum slíkt dæmi.
- 65 Sú niðurstaða er studd markmiðunum sem að er stefnt með þeim kröfum sem gerðar eru í 1. mgr. 5. gr. um upplýsingar sem veita ber áður en samningur er gerður. Af 18. lið formálsorða tilskipunarinnar má ráða að meðal þeirra markmiða er að auka tiltrú neytenda með setningu sérstakra ákvæða um auglýsingar sem varða lánessamninga, svo og tilteknar, staðlaðar upplýsingar sem veita skal neytendum, einkum til að gera þeim kleift að bera saman mismunandi tilboð. Slíkar upplýsingar skal veita á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt með lýsandi dæmum (samanber álit Hogan lögsögumanns í *Volkswagen Bank*, C-33/20, C-155/20 og C-187/20, EU:C:2021:629, í 66. lið).
- 66 Með tilvísunum til mismunandi forsendna sem notaðar eru við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar er hægt að ná markmiði 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um upplýsingagjöf sem gerir neytandanum kleift að bera saman ólík tilboð og taka upplýsta ákvörðun um hvort hann vilji gera lánessamning, en sá samanburður verður að gera ráð fyrir árlegri hlutfallstölu kostnaðar í samræmi við mismunandi tímalengd þeirra tilboða sem neytandanum standa til boða (samanber dóm í *Soho Group*, C-686/19, EU:C:2020:582, 48. mgr.).
- 67 Í því sambandi verður að hafa í huga að af 19. lið formálsorða tilskipunarinnar leiðir að markmið hennar er meðal annars að tryggja að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar áður en þeir gera lánessamning, sérstaklega um árlega hlutfallstölu kostnaðar á öllu EES-svæðinu, til að tryggja mesta mögulega gagnsæi og samanburðarhæfi tilboða (samanber dóm í *Soho Group*, sem vísað er til hér að framan, 49. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

- 68 Árleg hlutfallstala kostnaðar, sem setur fram verð (heildarkostnað) lánsins á grundvelli reiknilíkans sem er samræmt á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, er veigamikill þáttur í þessum samanburði. Sú hlutfallstala gerir neytandanum kleift að meta fjárhagslegt umfang skuldbindingarinnar sem gerð lánssamningsins hefur í för með sér. Skyldan til að veita upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar á skýran og hnitmiðaðan hátt stuðlar ljóslega að því að markmiði tilskipunarinnar verði náð, einkum markmiðinu um öfluga neytendavernd, og er nauðsynleg til að neytendur geti kynnt sér réttindi sín og skyldur samkvæmt lánssamningum (samanber dóm í *RN v Home Credit Slovakia*, sem vísað er til hér að framan, 29. til 31. mgr.).
- 69 Áður en samningur er gerður er aðeins hægt að gefa til kynna árlega hlutfallstölu kostnaðar með dæmi og því þarf dæmið að vera lýsandi, eins og fram kemur í 19. lið formálsorða tilskipunarinnar. Einnig er vert að benda á að þótt það að setja fram hina ýmsu þætti sem árlega hlutfallstölu kostnaðar byggist á uppfylli skilyrðið um skýrleika er hið sjálfstæða skilyrði um hnitmiðaða framsetningu betur uppfyllt með lýsandi dæmi.
- 70 Samkvæmt framansögðu ber að svara fjórðu spurningunni með þeim hætti að það leiði af g-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar að á stöðluðu SECCI-eyðublaði skuli útskýra hina árlegu hlutfallstölu kostnaðar með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni, jafnvel þótt allir þættir þess láns sem neytandi hyggst taka liggi fyrir. Í slíkum tilvikum ber lánveitanda að taka tillit til þekktra þátta við framsetningu dæmisins.

5. spurning

- 71 Með fimmtu spurningunni spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort gerð sé krafa um það samkvæmt i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar að ávallt beri að taka fram „annan kostnað vegna lánasamningsins“, án tillits til þess hvort um sé að ræða lán á því formi að bæði greiðslufærslur og nýting lána séu skráð.
- 72 Í samræmi við i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar skulu upplýsingar sem neytanda eru veittar áður en samningur er gerður og í lánssamningi hvorar tveggja innihalda, eftir því sem við á, kostnað við að hafa einn eða fleiri reikninga þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna reikning, ásamt kostnaði við notkun greiðsluleiða, bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, öðrum kostnaði vegna lánssamningsins, og forsendum fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði.
- 73 Samkvæmt orðalagi þeirra ákvæða er því gerð sú krafa að þegar einhverjir af þeim kostnaðarliðum sem minnst er á í i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar eiga við skuli taka fram, á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði, nauðsynlegar upplýsingar um kostnaðinn ásamt forsendunum fyrir því að hægt sé að breyta honum. Eins og jafnframt er lýst í leiðbeiningum á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði skal lánveitandi fylla út þá reiti sem eiga við um lánssamninginn þar sem „ef við á“ er tilgreint.

- 74 Í því sambandi bendir EFTA-dómstóllinn á að SECCI er að fullu samræmt snið, sem óheimilt er að breyta eða víkja frá. Rökin fyrir samræmingu hins staðlaða SECCI-eyðublaðs eru að samræmt snið á öllu EES-svæðinu gerir neytendum auðveldlega kleift að bera saman tilboð. Hvers kyns vanræksla á að tiltaka skyldubundnar upplýsingar á stöðluðu SECCI-eyðublaði áður en samningur er gerður væri andstæð 5. gr. tilskipunarinnar. Þegar einhverjir þeirra kostnaðarliða sem um getur í i-lið 1. mgr. 5. gr. eiga við verða því nauðsynlegar upplýsingar um þá, auk skilyrða fyrir því að hægt sé að breyta þeim, að koma fram á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði. Sú skylda er óháð því hvort lánið er á því formi að bæði greiðslufærslur og nýting láns séu skráðar. Skyldan til að tilgreina slíkan kostnað og hvernig hann getur breyst tengist því að slíkur kostnaður er lagður á, en ekki tegund viðkomandi lánessamnings. Að svo miklu leyti sem slíkan kostnað leiðir af lánessamningum í skilningi c-liðar 3. gr. verður að tilgreina hann.
- 75 Eins og framkvæmdastjórnin hefur bent á ætti, með hliðsjón af því að neytandinn á að vera í aðstöðu til þess áður en samningur er gerður að þekkja nákvæmlega umfang þeirra skyldna sem hann gengst undir, og í ljósi samhljóða orðalags i-liðar 1. mgr. 5. gr. og k-liðar 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar, sama niðurstaða að eiga við um lánessamninginn sjálfan, að breyttu breytanda.
- 76 Það leiðir jafnframt af orðalagi i-liðar 1. mgr. 5. gr. og k-liðar 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar að þau ákvæði vísi til „annars kostnaðar vegna lánessamningsins og forsendna fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði.“ Enn fremur segir í u-lið 2. mgr. 10. gr. að, ef við eigi, skuli „aðrir samningsskilmálar og -skilyrði“ koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt í lánessamningnum. Þessi atriði stuðla þannig að útfærslu þess markmiðs, sem birtist í 43. lið formálsorða tilskipunarinnar, að í henni skuli með skýrum og heildstæðum hætti skilgreind heildarfjárhæðin sem neytandinn greiðir, og að því að tryggja virkni tilskipunarinnar (samanber dóm í *Soho Group*, sem vísað er til hér að framan, 50. mgr.).
- 77 Samkvæmt framansögðu telur EFTA-dómstóllinn að svara verði fimmtu spurningunni með þeim hætti að gerð sé krafa samkvæmt i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar um að ávallt beri að taka fram „annan kostnað vegna lánasamningsins“, bæði á stöðluðu SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum, án tillits til þess hvort um er að ræða lán á því formi að bæði greiðslufærslur og nýting lána séu skráð.

6. spurning

- 78 Með sjöttu spurningunni spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort fullnægja megi kröfunni í i-lið 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar um að veita upplýsingar um kostnað vegna lánessamnings með því að vísa til gjaldskrár lánveitanda sem geti tekið breytingum. Nánar tiltekið spyr landsdómstóllinn hvort nauðsynlegt sé að tilgreina greinilega á staðlaða SECCI-eyðublaðinu sjálfu hver kostnaðurinn sé og hver hann muni verða til framtíðar.
- 79 EFTA-dómstóllinn hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að þær upplýsingar sem krafist er að neytendur fái samkvæmt 5. gr., þar á meðal upplýsingar um „annan kostnað vegna lánasamningsins“, skuli veittar á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði sem finna má í

II. viðauka tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn minnir á að samkvæmt 5. og 22. gr. tilskipunarinnar samræmir hún að fullu með hvaða hætti upplýsingarnar sem um getur í 5. gr. skuli veittar neytendum. Ekki má því sleppa upplýsingum úr hinu staðlaða SECCI-eyðublaði með vísan til gjaldskrár lánveitanda sem getur tekið breytingum. Allar nauðsynlegar upplýsingar um kostnað sem tengjast lánsamningnum, þar með talin skilyrðin fyrir breytingu þess kostnaðar, skulu koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði.

- 80 EFTA-dómstóllinn leggur áherslu á að framansagt útilokar ekki að gjaldskrá lánveitanda geti innihaldið viðbótarupplýsingar um „annan kostnað vegna lánsamningsins.“ Upplýsingarnar á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði verða þó að vera nægilega skýrar, einar og sér, til að neytandi sé upplýstur um það um hver kostnaðurinn sé og, geti hann breyst í framtíðinni, forsendur fyrir slíkum breytingum. Aðeins með því móti kemst neytandinn í aðstöðu til þess, af lestri hins staðlaða SECCI-eyðublaðs sjálfs, að geta áttað sig á því hver þessi annar kostnaður sé og gefast þannig raunhæfur kostur á að bera saman ólík tilboð.
- 81 EFTA-dómstóllinn bendir á að ólíkt 5. gr. tilskipunarinnar er ekki mælt fyrir um það í 10. gr. á hvaða sniði upplýsingarnar sem eiga að koma fram í lánsamningnum skuli veittar neytandanum, heldur er þess krafist að þær séu veittar á skýran og hnitmiðaðan hátt.
- 82 Ekki er nauðsynlegt að lánsamningurinn sé í einu skjali. Þó er gerð sú krafa í 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar að allar upplýsingar sem taldar eru upp í 2. mgr. 10. gr. skuli skráðar á pappír eða vera á öðrum varanlegum miðli og vera hluti lánsamningsins. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. ber jafnframt að setja fram á skýran og hnitmiðaðan hátt, og skal lánsamningur enn fremur innihalda skýra og nákvæma vísun í annað efni á pappírformi eða öðrum varanlegum miðlum sem hefur að geyma upplýsingarnar sem neytandanum voru í reynd veittar áður en samningurinn var gerður, svo honum gefist færi á að gera sér raunverulega grein fyrir öllum réttindum sínum og skyldum (samanber dóma í *Home Credit Slovakia v Klára Bíróová*, sem vísað er til hér að framan, 33. og 34. mgr., og *Volkswagen Bank*, sem vísað er til hér að framan, 84. og 85. mgr.).
- 83 Þótt 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar girði ekki fyrir notkun sérstakrar gjaldskrár, sem getur tekið breytingum, verða upplýsingarnar sem taldar eru upp í ákvæðinu að vera skýrar og hnitmiðaðar og að minnsta kosti skulu þær koma fram í lánsamningnum sjálfum til að skilyrði k-liðar 2. mgr. 10. gr. teljist uppfyllt. Aðeins þegar því er þannig háttáð geta vísanir í efni á pappírformi eða öðrum varanlegum miðli sem er ekki hluti af sama skjali og lánsamningurinn talist nægilega skýrar og hnitmiðaðar (samanber álit Sharpston lögsögumanns í *Home Credit Slovakia v Klára Bíróová*, C-42/15, EU:C:2016:431, 52. lið). Upplýsingarnar sem um getur í gjaldskránni sem vísað er til eða fylgja sem samningsviðauki skulu þar að auki settar fram með nægilega skýrum og hnitmiðuðum hætti til að neytandinn geti áttað sig á því hver kostnaðurinn sé og hver hann verði í framtíðinni. Aðeins þannig er hægt að ná markmiðunum um gagnsæi, neytendavernd og að neytandinn komist í aðstöðu til að geta borið saman mismunandi

tilboð og gert sér raunverulega grein fyrir öllum réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum.

- 84 Samkvæmt framansögðu telur EFTA-dómstóllinn að svara verði sjöttu spurningunni með þeim hætti að sú krafa sé gerð samkvæmt i-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar að allar upplýsingar um kostnað vegna lánessamnings skuli koma fram á stöðluðu SECCI-eyðublaði, ásamt skilyrðum fyrir breytingum á þeim kostnaði, sem nauðsynlegar eru til að gera neytandanum kleift að bera saman mismunandi tilboð og gera sér raunverulega grein fyrir öllum réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum. Gerð er sú krafa samkvæmt k-lið 2. mgr. 10. gr. að þegar kostnaður vegna lánessamnings, ásamt skilyrðum þess að sá kostnaður geti breyst, er ekki tekinn fram í lánessamningnum sjálfum verði í honum að tilgreina kostnaðinn sem við á og að hann geti breyst, ásamt skýrri og nákvæmri vísun í annað efni á pappírformi eða öðrum varanlegum miðlum sem hefur að geyma nánari upplýsingar um þá þætti.

7. spurning

- 85 Með sjöundu spurningunni spyr landsdómstóllinn, í meginatriðum, hvort það leiði af l-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar að tiltaka þurfi á stöðluðu SECCI-eyðublaði hvaða kostnað þurfi að greiða vegna vanskila eða hvort lánveitanda nægi að vísa með almennum hætti til gjaldskrár sinnar sem geti tekið breytingum.
- 86 Eins og EFTA-dómstóllinn hefur þegar komist að varðandi annan kostnað vegna lánessamningsins er þess krafist samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar að upplýsingarnar sem veita skal áður en samningur er gerður séu veittar á stöðluðu SECCI-eyðublaði. Í samræmi við l-lið 1. mgr. 5. gr. skulu í þeim upplýsingum meðal annars koma fram gildandi vextir þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga og fyrirkomulag við breytingu á þeim og, ef við á, kostnaður sem greiða þarf vegna vanskila.
- 87 Í þessu sambandi áréttar dómstóllinn að hið staðlaða SECCI-eyðublað er ráðstöfun sem miðar að fullu samræmi og er ætlað að tryggja mesta mögulega gagnsæi og samanburðarhæfi tilboða á EES-svæðinu. Nægilegt gagnsæi varðandi kostnað vegna greiðslna eftir gjalddaga er því nauðsynlegur liður í að tryggja neytendavernd. Eins og framkvæmdastjórnin hefur bent á inniheldur viðeigandi reitur á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði skýringu sem ætlað er að vekja athygli neytenda á þessu atriði. Kostnaður sem kann að verða vegna greiðslna eftir gjalddaga getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir neytandann. Skortur á upplýsingum um slíkan kostnað á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði myndi standa í vegi fyrir markmiði 5. gr. tilskipunarinnar. Upplýsingar um kostnað sem gæti orðið vegna greiðslna eftir gjalddaga og öll skilyrði sem gilda um breytingar á honum verður því að taka fram á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði. Krafan um að tilgreina skuli í lánessamningnum nákvæma vexti vegna greiðslna eftir gjalddaga og öll gjöld sem greiða ber vegna vanskila gerir neytendum kleift að gera sér ljósar afleiðingar þess að greitt sé eftir gjalddaga, og hún er nauðsynleg til að tryggja að neytandinn geri sér ljós réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum (samanber dóm í *Volkswagen Bank*, sem vísað er til hér að framan, 91. til 94. mgr.).

- 88 EFTA-dómstóllinn telur því, samkvæmt framansögðu, að svarið við sjöundu spurningu verði að vera að sú krafa sé gerð samkvæmt 1-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar að hið staðlaða SECCI-eyðublað hafi að geyma allar upplýsingar um kostnað sem greiða þurfi vegna vanskila og skilyrði fyrir breytingu á honum, sem nauðsynlegar séu til að gera neytandanum kleift að bera saman mismunandi tilboð og gera sér raunverulega grein fyrir réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánssamningnum.

IV Málskostnaður

- 89 Þar sem um er að ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir landsdómstólnum kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila. Aðrir, sem lagt hafa fram athugasemdir til EFTA-dómstólsins, skulu bera sinn málskostnað, hver fyrir sitt leyti.

Með vísan til framangreindra forsendna lætur

DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurningarnar sem Landsréttur vísaði til dómstólsins:

- 1. Túlka verður f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE á þann veg að lánveitanda beri að útlista með tæmandi talningu, bæði á stöðluðu eyðublaði með stöðluðum upplýsingum um evrópsk neytendalán (SECCI) og í lánessamningnum, þau skilyrði sem ákvörðun hans um að breyta vöxtum láns með breytilegum vöxtum byggist á.**
- 2. Kröfurnar um upplýsingagjöf sem kveðið er á um í f-lið 1. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/48/EB eru ekki uppfylltar ef almenna tilvísun til ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði lánveitanda eða annarra skilyrða sem lánveitanda er ókunnugt um er að finna meðal skilyrðanna fyrir breytingu útlánsvaxta sem koma fram á hinu staðlaða SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum.**
- 3. Skilyrði 5. gr. tilskipunar 2008/48/EB um að neytandi fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánessamning er ekki fullnægt ef orðalag ákvæðis á stöðluðu eyðublaði felur í sér almennar og opnar tilvísanir svo sem „o.s.frv.“ ef skortir á fullnægjandi upplýsingar um samhengi.**
- 4. Það leiðir af g-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/48/EB að á stöðluðu SECCI-eyðublaði skuli útskýra hina árlegu hlutfallstölu kostnaðar með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni, jafnvel þótt allir þættir þess láns sem neytandi hyggst taka liggi fyrir. Í slíkum tilvikum ber lánveitanda að taka tillit til þekktra þátta við framsetningu dæmisins.**
- 5. Gerð er krafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. og k-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/48/EB um að ávallt beri að taka fram „annan kostnað vegna lánasamningsins“, bæði á stöðluðu SECCI-eyðublaði og í lánessamningnum, án tillits til þess hvort um er að ræða lán á því formi að bæði greiðslufærslur og nýting lána séu skráð.**
- 6. Gerð er krafa samkvæmt i-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um að á stöðluðu SECCI-eyðublaði skuli koma fram allar upplýsingar um kostnað vegna lánessamnings, ásamt skilyrðum fyrir breytingum á þeim**

kostnaði, sem nauðsynlegar eru til að gera neytandanum kleift að bera saman mismunandi tilboð og gera sér í raun og veru grein fyrir öllum réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum. Gerð er sú krafa, samkvæmt k-lið 2. mgr. 10. gr. að þegar kostnaður vegna lánessamnings, ásamt skilyrðum fyrir því að sá kostnaður geti breyst, eru ekki tekin fram í lánessamningnum sjálfum verði í honum að tilgreina kostnaðinn sem við á og að hann geti breyst, ásamt skýrri og nákvæmri vísun í annað efni á pappíriformi eða öðrum varanlegum miðlum sem hefur að geyma nánari upplýsingar um þá þætti.

- 7. Gerð er krafa samkvæmt l-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um að hið staðlaða SECCI-eyðublað hafi að geyma allar upplýsingar um kostnað sem greiða þurfi vegna vanskila, ásamt skilyrðum fyrir breytingu á honum, sem nauðsynlegar séu til að gera neytandanum kleift að bera saman mismunandi tilboð og gera sér raunverulega grein fyrir réttindum sínum og skyldum samkvæmt lánessamningnum.**

Páll Hreinsson

Bernd Hammermann

Michael Reiertsen

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 23. maí 2024.

Ólafur Jóhannes Einarsson
Dómritari

Páll Hreinsson
Forseti